

Alþingi  
Erindi nr. P 126/2357  
komudagur 7.5.2001

Nefndarsvið Alþingis

Fyrir liggur frumvarp um sölu Landsímans hf. 707 mál. Þar sem erindi Alþingis um umsögn varðandi málið barst ekki fyrr en raun ber vitni hefur stjórn Kvasis, samtaka fræðsu- og símenntunarmiðstöðva ekki haft tækifæri til að kynna sér málið til hlítar eða ræða það. Ég geri því stuttar athugasemdir sem formaður Kvasis. Ég geri ekki athugasemd við sölu Landsímans hf. sem slíks. Ég minni hins vegar á að það verður að vera til dreifikerfi til netsamskipta á milli skóla og fræðslumiðstöðva sem tryggir jafnan aðgang allra landsmanna að öflugum tölvu- og fjarfundabúnaðarsamskiptum. Þjónustu við slíkt dreifikerfi verður einnig að vera trygg til að styttja við bakið á stöðugt vaxandi fjarkennslu m.a. á háskólastigi. Þetta er grundvallaratriði sem hafa verður í huga við sölu Landsímans hf. og framtíðarskipulag uppýsingamiðlunar í landinu.

Virðingarfyllst,

Emil Björnsson  
formaður Kvasis,  
samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni